

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 8. nóvember 2023
UST202310-332/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð við malarvöll og Löngulág.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýju deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við malarvöll og Löngulág.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til íbúðabyggðar (ÍB-5) þar sem að hámarks fjöldi íbúða er aukinn úr 40 í allt að 100 íbúðir og hámarkshæð er breytt frá að vera 2 hæðir í 3 hæðir með afmörkuðum reitum sem geta verið allt að 4 hæðir. Auk þess er lögð er áhersla á að varðveita grænt útivistarsvæði í Löngulág. Einnig er gert er ráð fyrir leikskóla á landnotkunarreit samfélagsþjónustu (S-2) og munu skipulagsmörk milli landnotkunarreita ÍB-5 og S-2 því líklega taka breytingum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur